

# Bráðabirgðalög

Nr. 96.  
10. desbr.

um

viðauka við lög 1. febrúar 1917 um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Þar eð borið hefur verið upp fyrir Oss, að í lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, vanti heimild til að leggja bann við útflutningi úr landi á skepnufóðri, en að óhjákvæmilegt teljist, að landsstjórnin fái nú heimild til að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlags 19. júní 1915,

Því bjóðum Vjer og skipum:

1. gr.

Aftan við 3. gr. nefndra laga 1. febrúar 1917, bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að leggja bann, að einhverju leyti eða öllu, við útflutningi eða sölu úr landi á skepnufóðri, aðfluttu eða innlendu, ef ádstæða er til að óttast fódurskort í landinu. Landsstjórnin ákveður sjálf hvað telst til skepnufóðurs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 10. desember 1917.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
Sigurður Jónsson.